

Fundargerð

15. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í fundarsal ÍSÍ Laugardal þriðjudaginn 13. febrúar 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Kári Steinn Karlsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Engin rafræn erindi samþykkt milli funda, en upplýst var um val á NM. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. RIG 2019

Framkvæmdastjóri fór yfir umfang og almenn störf á RIG 2019. Gert grein fyrir bráðabirgðauppgjöri. Þakkir bókaðar til starfshópsins, starfsmanna mótsins og starfsmanna FRÍ vegna góðra og rögg samra úrlausna á verkefnum mótsins. Farið yfir gátlistann og listinn verður uppfærður næstu daga.

3. Félagsaðild að FRÍ

Rætt um útfærslur m.t.t. hlaupahópaverkefnisins. Ákveðið að skipa starfshóp sem í eru Kári Steinn (formaður hópsins), Fjóla og Gunnar. Hópurinn skili stuttri greinargerð með tillögum til stjórnar. Starfshópurinn á að hefja störf sem fyrst.

4. FRÍ og miðlun frá NM - Samstarf

Formaður gerði grein fyrir samstarfi með Norðurlöndunum í miðlun sbr. fyrri umræðu. Formaður fór yfir dæmisögur frá NM.

5. Forsetahlaup ÍSÍ

Rætt um ýmsar útfærslur. Málin rædd, formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram með málið.

6. Önnur mál

- a. Aldursflokkaskipting í keppni m.t.t. sérstakra aðstæðna. Umræða. Ákveðið að leggja fram reglugerðarbreytingu (heimild) í anda þess sem önnur sérsambönd hafa þróað.
- b. Þjóðarleikvangur í Laugardal. Rætt um störf mannvirkjanefndar.
- c. Verkefnastjóri landsliðs. Umræða og heimild.
- d. Fjármál – Gjaldkeri gerði grein fyrir uppgjörsvinnu 2018 – Umræða.
- e. Alþjóða- og Evrópustyrkir. Umræða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:10 með því að ritari sýndi gamlar myndir frá keppni í Þingeyjarsýslunum báðum, en þó ekki frá sama ári.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.